

Mánudaginn 22. desember 1997.

Nr. 510/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Árna Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1997.

Ár 1997, mánudag 15. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Árna Sigurðssyni, kt. 170173-2959, Meðalholti 2, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 26. janúar 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Janet Christina Ewerth var handtekin í gær á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins. Við leit í farangri hennar fundust 500 töflur, sem ætlaðar eru MDMA (ecstasy) en í leggöngum hafði hún falið svipað magn af MDMA, samtals 1119 töflur auk 296 taflna af óþekktu innihaldi. Hún kveður eiginmann sinn og tvo aðra menn hér á landi hafa átt hugmyndina að innflutningnum, og hafi þeir einnig borgað fyrir efnið. Hún sýndi lögreglu samvinnu við rannsókn málsins í gær, og voru tveir menn handteknir vegna málsins í gærkvöld. Var kærði annar þeirra.

Fyrir dóminum hefur kærði neitað að eiga aðild að framangreindum fíkniefnainnflutningi. Samkvæmt framburði Janet Christina áttu eiginmaður hennar í Hollandi og menn hér á landi hugmyndina að þessum innflutningi, og hafi þeir einnig borgað fyrir efnið. Verður að telja framburð kærða í mörgum atriðum ótrúverðugan, að því er varðar vitneskju hans og aðild að málinu. Kærði telst því vera undir rökstuddum grun um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga, sem getur varðað hann þungri fangelsisrefsingu, ef sannast.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi, og m. a. er eftir að rannsaka til hlítar efni þau, sem flutt voru til landsins. Þær niðurstöður, sem þegar liggja fyrir, benda eindregið til þess, að töflurnar innihaldi MDMA. Þá er enn eftir að yfirheyra kærða og aðra grunaða betur. Loks er einnig eftir að handtaka Steve Romsdal í Amsterdam og færa hann til landsins til skýrslugjafar. Verður því að telja með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna, að aliður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi hér við.

Með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna málsins og skírskotunar til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Árni Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00.
